

PEDS

MAT FORELDRA Á ÞROSKA BARNNA

Aðferð sem byggir á rannsóknum og þekkingu og auðveldar skimun barna með frávík í þroska og hegðun

LEIÐBEININGAR UM FRAMKVÆMD OG STIGAGJÖF

Til að nota PEDS þarf að fylgja þessum leiðbeiningum ásamt *PEDS Matsblaði*, *Stigablaði* og *Túlkunarblaði*. *PEDS Matsblað foreldra* er notað til að fá upplýsingar frá foreldrum. *PEDS Stigablað* og *PEDS Túlkunarblað* (prentuð sitt hvoru megin á sama blaðið) er notað af fagfólki.

PEDS er fullgilt matstæki fyrir börn frá fæðingu til átta ára aldurs. Hinsvegar er æskilegra að hefja notkun þess við 4-6 mánaða aldur, því fagfólk og foreldrar þurfa oftast að fjalla um marga aðra heilsuþætti á fyrstu mánuðum í lífi

barnsins. Fagfólk í heilbrigðisstétt ætti að nýta sér PEDS við skoðun 18 mánaða, tveggja og hálf og fjögurra ára barna í ung- og smábarnavernd samkvæmt Handbók ung- og smábarnaverndar frá Landlæknisembættinu. Auk þess er hægt að nota PEDS við aðrar skoðanir eða heimsóknir ef ástæða þykir til. Ef börn koma sjaldan í eftirlit má nota PEDS við heimsóknir vegna veikinda eða meðferðar eftir veikindi. Notkun PEDS stuðlar að samvinnu fagfólks og foreldra til að styðja barnið eftir þörfum þess.

1. skref: Undirbúið foreldra.

Áður en foreldrar fá í hendur *PEDS Matsblað foreldra*, skal greina þeim frá því að athugun á hegðun og þroska sé mikilvægur þáttur í veittri þjónustu ykkar.

Spyrjið síðan: „Viljið þið fylla blaðið út sjálf eða fá einhvern til að fara yfir það með ykkur?“

Ef ekki er ljóst hvort foreldrar eru læsir eða altalandi á íslensku má fara munnlega í gegnum matsblaðið.

! *Ef foreldrar draga einungis bring kringum „Nei“, „Já“ eða „Svolitlar“ og skrifa engar athugasemdir á matsblaðið, skal kanna hvort erfiðleikar eru við lestur, skilning eða skrift foreldra og ræða munnlega við þá. Skráið eigin athugasemdir ef slíkt á við.*

PEDS MATSBLAD FORELDRA

Nafn barn _____ Nafn foreldris _____
Fæðingstíðni barns _____ Aldur barns _____ Dagsmínut _____

1. Vinsamlegast teldu upp allar etasemdir um eða áhyggjur af námsgeitu, þroska og hegðun barns þíns.

2. Hefur þú einhverjar áhyggjur af því hvernig barnið þitt talar eða myndar hljóð?
 Nei Já Svólitlar **ATHUGASEMDIR:**

3. Hefur þú einhverjar áhyggjur af því hvernig barnið þitt skilar það sem þú segr?
 Nei Já Svólitlar **ATHUGASEMDIR:**

4. Hefur þú einhverjar áhyggjur af því hvernig barnið þitt notar hendur sínar og fingur við að gera hluti?
 Nei Já Svólitlar **ATHUGASEMDIR:**

5. Hefur þú einhverjar áhyggjur af því hvernig barnið þitt notar handleggja sína eða fötlegg?
 Nei Já Svólitlar **ATHUGASEMDIR:**

6. Hefur þú einhverjar áhyggjur af því hvernig barnið þitt heggur sér?
 Nei Já Svólitlar **ATHUGASEMDIR:**

7. Hefur þú einhverjar áhyggjur af samskiptum barnsins við aðra?
 Nei Já Svólitlar **ATHUGASEMDIR:**

8. Hefur þú einhverjar áhyggjur af því hvernig barnið þitt leikir sér þá förm sem ætlast er til í leikskóla eða skóla?
 Nei Já Svólitlar **ATHUGASEMDIR:**

9. Hefur þú einhverjar áhyggjur af því hvernig barnið þitt leikir sér þá förm sem ætlast er til í leikskóla eða skóla?
 Nei Já Svólitlar **ATHUGASEMDIR:**

10. Vinsamlegast teldu upp allar aðrar áhyggjur.


Gerðu kross í viðeigandi og svaraðu spurningunum. Þetta eru þessari blaðsíðu dæmi og skulu ekki notaðar til að mæla barnið þínu.

© 2009 Frances Page Glascoe. Íslensk þýðing og útgáfa á vegum Námsmatsstofnunar og Landlæknisembættisins, unnið í samstarfi við Miðstöð heilsuverndar barna. (www.namsmat.is, Borgartún 7A, 105 Reykjavík. Sími: 550-2400). Fjölföldun er með öllu óheimil.

2. skref: Finnið rétta dálkinn á PEDS stigablaðinu fyrir aldur barnsins.

Þegar foreldrar hafa fyllt út *PEDS Matsblaðið* og skilað því, takið þá *PEDS stigablaðið* og finnið rétta dálkinn fyrir aldur barnsins.

! Gleymið ekki að leiðrétta aldur fyrirbura sem eru yngri en 2 ára og bafa fæðst meira en 3 vikum fyrir tímenn.



| Aldur barns: | 0-3 m. | 4-5 m. | 6-11 m. | 12-14 m. | 15-17 m. | 18-23 m. | 2 ára | 3 ára | 4-4 1/2 |
|------------------------|--------------------------|--------------------------|--------------------------|--------------------------|--------------------------|--------------------------|--------------------------|--------------------------|--------------------------|
| Almennt/vitsmunir | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> |
| Tjáning og hljóðmyndun | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> |
| Málskilningur | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| Fínhyringar | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| Grófhreyfingar | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| Félags-tilfinningalegt | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> |
| Sjálfsbjörg | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| Skóli | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| Annað | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> |

3. skref: Merkið í reiti á PEDS stigablaðinu fyrir hvert áhyggjuatriði á PEDS matsblaðinu.

Lesið svör foreldra við spurningunum á *PEDS Matsblaðinu*. Skoðið síðan töfluna á bls. 3 til að ákveða hvaða reiti á að merkja við á *PEDS stigablaðinu*.

! Ef foreldrar segja eitt-hvað á þessa leið: „Ég hafði áhyggjur en nú finnst mér hún/hann standa sig betur“ merkið við þetta sem áhyggjuþátt á viðkomandi þroskasviði. Ef foreldrar segjast hafa smá áhyggjur, skal merkja við það á sama hátt.

1. Vinsamlegast teldu upp allar efasemdir um eða áhyggjur af námsgetu, þroska og hegðun

Sigga er frek, vill enn fá pelann og hefur einkennilegt göngulag

| | | | |
|-----------------------|------------------------|----------------------------------|----------------------------------|
| frek | Grófhreyfingar | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| vill enn fá pela | Hegðun | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| einkennilegt göngulag | Félags-tilfinningalegt | <input checked="" type="radio"/> | <input checked="" type="radio"/> |
| | Sjálfsbjörg | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| | Skóli | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |

! Ef foreldrar skrifa ekkert á *PEDS Matsblaðið* nema bringa utan um stöku „Já“ eða „Svolitlar“ við spurningar 2-10, kann torlæsi að vera vandamál hjá þeim. Staðfestið svörin með því að leggja matsblaðið aftur fyrir í viðtali.

2. Hefur þú einhverjar áhyggjur af því hvernig barnið þitt talar eða myndar hljóð?
 Nei Já Svolutlar **ATHUGASEMDIR:**

3. Hefur þú einhverjar áhyggjur af því hvernig barnið þitt skilur það sem þú segir?
 Nei Já Svolutlar **ATHUGASEMDIR:**

! Við flokkun á þáttum skal hafa í boga að svör foreldra eiga ekki alltaf við um viðkomandi spurningu. Ef foreldri svarar spurningu um málfræni „Hann er rellinn“ skal merkja það undir „Hegðun“.

| | | |
|------------------------|----------------------------------|----------------------------------|
| Tjáning og hljóðmyndun | <input checked="" type="radio"/> | <input checked="" type="radio"/> |
| Málskilningur | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| Fínhyringar | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |

4. Hefur þú einhverjar áhyggjur af því hvernig barnið þitt notar hendur sínar og fingur við að gera hluti?
 Nei Já Svolutlar **ATHUGASEMDIR:**

| DÆMIGERÐ SVÖR | ÁHYGGJUR |
|---|--|
| <i>Virðist á eftir, getur ekki gert það sem önnur börn geta, óþroskað, lengi að læra, seint að læra hluti, lærir en er mjög lengi að því, almennir erfiðleikar við að læra.</i> | Merkið við reitinn í viðeigandi dálki á PEDS stiga- blaðinu ef viðkomandi þáttur er til staðar. Almennt/Vitsmunir |
| <i>Talar ekki eins og það ætti að gera, notar stuttar setningar, getur ekki alltaf sagt hvað það á við, bullar stundum, getur ekki talað skýrt. Enginn skilur hvað það segir nema ég.</i> | Tjáning og hljóðmyndun |
| <i>Skilur ekki það sem þú segir, hlustar ekki vel.</i> | Málskilningur |
| <i>Litar út fyrir línur, getur ekki skrifað nafnið sitt, getur ekki teiknað form, heldur rangt á blýanti, getur ekki matað sig með skeið og borðar sóðalega.</i> | Fínhreyfingar |
| <i>Klunnalegt, gengur undarlega, getur ekki hjólað, dettur oft, haltrar, lélegt jafnvægi, leiðist fótbolli.</i> | Grófhreyfingar |
| <i>Þrjóskt, ofvirkt, stutt athygli, frekt, skapmikið, fær skapvonskuköst, gerir bara það sem það vill.</i> | Hegðun |
| <i>Vill fá að vera út af fyrir sig, skapsveiflur, þarf mikla athygli, rellið, þolir illa breytingar, lítill ábugi á algengum blutum, auðsveipt, virðist illgjarnt, bregður skjótt skapi, ráðríkt, feimið, bekkjartrúðurinn, er reitt, illkvitt-ið, hatar mig.</i> | Félags – tilfinningalegt |
| <i>Vill ekki gera neitt upp á eigin spýtur, segir mér ekki þegar það er blautt, er enn með bleyju, vill enn þelann, getur ekki klætt sig sjálf.</i> | Sjálfsbjörg |
| <i>Getur ekki skrifað nafnið sitt (fékk einnig fínhreyfinga- stig), þekkir ekki liti eða tölur, lærir ekki að lesa, getur ekki munað bókstafahljóð, kann einn daginn að stafa orð en ekki daginn eftir.</i> | Skóli |
| <i>Eyrnasýkingar, astmi, lítið eftir aldri, oft veikt, ég held að það heyri illa, fer of nálægt sjónvarpinu og ég hef áhyggjur af sjóninni.</i> | Annað/Heilsa |
| <i>Dæmigert barn, þroski er eðlilegur, er fljótt til.</i> | Engar áhyggjur |

Ef engin áhyggjuefni koma fram, skiljið reitina ettir auða og tvarið í 4. skref.

4. skref: Samantekt áhyggjupáttá á PEDS stigablaðinu.

Litlu hringirnir á *PEDS stigablaðinu* sýna áhyggjupætti sem benda til þroskavandamála. Teljið merкта hringi í dálkinum og skrifið samtöluna í stóra hringinn neðst á *PEDS stigablaðinu*.

Litlu kassalaga reitirnir á *PEDS stigablaðinu* sýna þá þætti sem benda ekki til þroskavanda. Teljið merкта reiti og skrifið samtöluna í stóra kassalaga reitinn neðst á *PEDS stigablaðinu*.

| | | | | |
|--|--------------------------|--------------------------|----------------------------------|--------------------------|
| Almennt/vitsmunir | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> |
| Tjáning og hljóðmyndun | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> | <input checked="" type="radio"/> | <input type="radio"/> |
| Málskilningur | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| Finhreyfingar | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| Grófhreyfingar | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input checked="" type="radio"/> | <input type="radio"/> |
| Hegðun | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input checked="" type="radio"/> | <input type="checkbox"/> |
| Félags-tilfinningalegt | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| Sjálfsbjörg | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input checked="" type="radio"/> | <input type="checkbox"/> |
| Skóli | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| Annað | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> | <input type="radio"/> |
| Teljið fjölda merkja í litlu, hringlaga reitnum og kassalaga reitinn fyrir neðan. | | | | |
| Ef niðurstaðan er 2 eða fleiri stig, farið er niðurstaðan er nákvæmlega 1 stig farið er niðurstaðan er 0 stig, teljið fjölda merkja í litlu, hringlaga reitnum og kassalaga reitinn fyrir neðan. | | | | |
| Ef niðurstaðan er 2 eða fleiri stig, farið er niðurstaðan er nákvæmlega 1 stig farið er niðurstaðan er 0 stig, teljið fjölda merkja í litlu, hringlaga reitnum og kassalaga reitinn fyrir neðan. | | | | |
| Ef niðurstaðan er 2 eða fleiri stig, farið er niðurstaðan er nákvæmlega 1 stig farið er niðurstaðan er 0 stig, teljið fjölda merkja í litlu, hringlaga reitnum og kassalaga reitinn fyrir neðan. | | | | |

LEIÐBEININGAR VID TÚLKUN

5. skref: Ákveðið viðeigandi leið á PEDS túlkunarblaðinu.

Veljið **Leið A** ef talan í stóra hringlaga reitnum á *PEDS stigablaðinu* er 2 eða hærrí (margir forspárþættir). Þessi börn eru í áhættuhópi og líkur á erfiðleikum 11 sinnum meiri hjá þeim en öðrum börnum. Um 50% þessara barna greinast með frávik eða með talsverða seinkun á þroska. Þessi börn þurfa tafarlausa tilvísun í frekara þroskamat. Vísu ætti þessum börnum til að mynda í talþjálfun eða önnur viðeigandi

þjónustuúrræði með tilliti til eðli vandans. *PEDS túlkunarblaðið* leggur til hjálplega leið við túlkun og nauðsynlegar vísanir og úrræði.

PEDS TÚLKUNARBLAÐ


Leið A: Merkt við tvö eða fleiri áhyggjuefni í hringlaga reit?

Já Nei

Tilvísun í nánari greiningu m.t.t. vanda barnsins. Notið faglega dómgreinið að meta hvaða athuganir þurfi að gera, s.s. heyrnarmæling, málþroskapróf eða vitsmunapróska, athugun barnaleknis eða annarra sérfræðinga.

Veljið **Leið B** ef talan í stóra hringlaga reitnum er nákvæmlega 1 (einn áhyggjupáttur með forspárgildi). Þessi börn eru í miðlungsáhættu fyrir alvarlegum erfiðleikum (7 sinnum meiri hjá þeim foreldrum sem ekki hafa áhyggjur af börnum sínum). Um 30% þessara barna greinast með frávik. Frekari athugana er þörf til að ákvarða hvaða börn þurfa tilvísun


og hver ekki. Ef áhyggjur vakna af heilsu skal skoðun einkum beinast að heilsu og skynjunarþáttum, annars skal gera þroskamat. Ef frekari skimun leiðir í ljós vanda skal vísa börnum í nánara mat á vandanum. Ef nánara mat leiðir ekki til greiningar á vanda gæti sérstök örvun, sérkennsla eða önnur úrræði verið skynsamleg leið til að örva þroska þeirra barna. Þessi börn þurfa einnig mikla eftirfylgd þar sem þau kunna að eiga við vaxandi vanda og síðar greinst með frávik af einhverju tagi til að mynda frávik í málþroska eða námsörðugleika í skóla. Reiknið með að fara leið B með 2 af hverjum tíu börnum.



! Ef á aldursbilinu 0-35 mánaða eru þrjú eða fleiri áhyggjuatriði um hegðun, fín-hreyfingar eða grófhreyfingar, málskilning eða félags-tilfinningapróska, eða við 3-5 ára aldur varðandi skólaþroska, félags-tilfinningapróska, tjáningu eða málskilning skal vísa í greiningu m.t.t. einhverfurófsröskunar.


Veljið Leið C ef talan í stóra kassalaga reitnum er 1 eða hærri og talan í stóra hringlaga reitnum er 0 (engar áhyggjur sem hafa forsprárgildi). Þessi börn eru í lítilli hættu á að greinast með þroskafrávik (1,3 sinnum meiri en hjá börnum foreldra sem hafa engar áhyggjur). Aðeins 5% þessara barna greinast með þroskafrávik þótt um 25% þeirra eigi í tilfinninga- og hegðunarefildleikum og tíðnin er enn meiri þegar börnin eru 4 ára eða eldri. Skynsamlegustu viðbrögðin eru að veita foreldrum ráðgjöf vegna áhyggna þeirra (flestar varða hegðun barnsins) og fylgjast vel með framvindu mála. Ef slík ráð-

gjöf ber ekki árangur (ráðlegt er að fylgjast með framvindu að nokkrum vikum liðnum) ættu fagaðilar að skima fyrir frekari vandamálum og vísa þessum börnum í viðeigandi þjónustu (s.s. fjölskylduráðgjöf, barnageðlækni eða barnasálfræðing, félagsráðgjöf, geðheilsumiðstöðvar, o.s.frv.). Þegar skimun leiðir ekki í ljós hegðunar/tilfinningarvanda, má mæla með minni þjónustu eins og foreldrafraeðslu eða uppeldisráðgjöf. Reiknið með að fara eftir leið C með 2 af hverjum 10 börnum.




Veljið leið D ef núll er í báðum stóru reitunum (engar áhyggjur) en foreldrar eiga erfitt með tjáskipti vegna tungumálaörðugleika, þekkja barnið lítið (t.d. ef annar fjölskyldumeðlimur annast það mest) eða ef um er að ræða andleg vandamál foreldra, o.s.frv. Þessi börn (um 3 af hverjum 100) eru í miðlungs áhættu á að greinast með frávik (um 4 sinnum meiri áhættu en börn foreldra sem engar áhyggjur hafa og glíma ekki við samskiptaörðugleika). Um 20% greinast með frávik meðan um 35% þeirra eru seinþroska (þ.e.

frammistaða vel undir meðallagi). Frekari skimunar er þörf, helst í gegnum skóla, með snemmihlutun eða örvun, þar sem gæti þurft túlka eða félagsráðgjöf til aðstoðar við að fá upplýsingar frá þeim foreldrum. Ef skimun gefur ekki frekari vísbendingu um frávik geta þessi börn hinsvegar verið í áhættuhópi fyrir ýmiskonar erfiðleika og er því skynsamlegt að gera ítarlegt mat á heilsu, skynúrvinnslu og oft á tíðum félags- eða fjölskyldumat.



Veljið leið E ef eru núll í báðum stóru reitunum (engar áhyggjur) og tjáskipti við foreldra eru góð. Þessi börn eru í lítilli hættu og aðeins 5% eru seinfær eða með frávik. Þessi hópur þarf aðeins hughreystingu, hvatningu og hefðbundin eftirlit. Reiknið með að fylgja leið E með 5 börnum af hverjum 10.

! *Ef foreldrar hafa engar áhyggjur eða áhyggjur án forsprárgildis en klínískt mat gefur vandamál til kynna, farið leið A eða B eða bætið ykkar áhyggjum við áhyggjuþætti foreldra áður en stig eru talin. Dragið ekki frá neina áhyggjuþætti foreldra.*



6. skref: Ljúkið við að fylla út PEDS túlkunarblaðið.

Lengst til hægri á túlkunarblaðinu eru línur fyrir sérstakar ákvarðanir, tilvísanir, aðrar niðurstöður prófana, ráðleggingar, viðfangsefni meðferða, næstu skref og svo framvegis. Þetta pláss á túlkunarblaðinu er hægt að nota við endurteknar heimsóknir í framhaldi af þessu mati eftir því sem á liður.

! *Þar sem PEDS spurningarnar eru mjög líkar þeim spurningum sem margir fagmenn spyrja getur það verið freistandi að endurorða spurningar eða túlka PEDS á annan hátt en er sýnt hér. Hinsvegar hafa rannsóknir ítrekað sýnt að endurorðun, endurtúlkun eða önnur breyting spurninga leiðir til þess að fleiri börn með vandamál uppgötvast ekki.*

| Sérstakar ákvarðanir | |
|----------------------|------------------|
| | 0–3 mán. _____ |
| | 4–5 mán. _____ |
| eind til þróf, | 6–11 mán. _____ |
| | 12–14 mán. _____ |
| reitið fni og | 15–17 mán. _____ |

AÐRIR EIGINLEIKAR PEDS

- PEDS má nota frá fæðingu til 8 ára aldurs.
- Tekur um 5 mínútur í framkvæmd í viðtalsformi og 2 mínútur að reikna stig. Minni tíma þarf ef foreldrar fylla út *PEDS matsblað foreldra* á biðstofu, skoðunarstofu eða heima fyrir fund.
- Er mjög næmt og greinir um 74% til 80% barna með frávik samkvæmt þroskaprófum og tekur öðrum matstækjum fram, jafnvel þeim sem tekur lengri tíma að framkvæma.
- Er mjög sértækt. 70% til 80% barna án skerðingar eru greind með eðlilegan þroska – fylgir einnig viðmiðum mælingaprófa.
- Hægt er að nota PEDS með foreldrum með mismunandi menntun, félagslega stöðu, o.s.frv.
- PEDS er samið á 4.-5. bekkjar lestrarstigi, sem tryggir að flestir foreldrar geta lesið og svarað án vandkvæða.
- Hefur langsníðs skráningarform fyrir samantekt á eftirliti og framförum. Þetta auðveldar umsjón til langs tíma með sálfélagslegum þörfum barnsins.
- Þótt notkun matstækisins geti leitt til of margra tilvísana gefur það fagfólki færi á að bera kennsl á þau börn sem eiga hættu á erfiðleikum í skóla en ná ef til vill ekki greiningu.
- Stuðlar að ánægju foreldra með þjónustu og eykur jákvæðar upplifingar.
- Dregur úr tilfallandi áhyggjum og stýrir heimsóknarlengd.
- Skapar vettvang fyrir gagnleg tjáskipti.
- Réttmætisprófað á rúmlega 770 börnum í Bandaríkjunum við ýmsar aðstæður, skrifstofum barnalækna, heilsugæslustöðvum, dagvistun og í skólum.
- Staðlað á 2800 barna þýði af fjölbreyttum uppruna, kynþáttum og félagslegri stöðu í Bandaríkjunum.
- Stuðlar að öruggum, nákvæmum og skipulögðum ákvörðunum.
- Er mjög áreiðanlegt og fagaðilar og faglærðir sem og ófaglærðir geta lagt það fyrir.
- Hjálpar foreldrum með lægra menntunarstig að tjá áhyggjur sínar.
- Þarf lágmarkspjálfun til að nota það. Nýjum notendum nægir að lesa þessar leiðbeiningar um stigagjöf og framkvæmd.
- Foreldrar geta fyllt út blaðið á biðstofu, skoðunarstofu eða heima, fyrir heimsóknina.
- Ódýrt í notkun.
- Hjálpar til við að greina foreldra sem hafa of miklar áhyggjur og nægir hughreysting eða stuðningur.
- Hefur verið réttmætisathugað, stoðrannsóknir eru m.a. þessar:
 - Bethell C, Peck C, Shor E. Assessing health system provision of well-child care: The Promoting Healthy Development Survey. *Pediatrics*, 2001; 107:1084-1094.
 - Glascoe, FP. Are Overreferrals on Developmental Screening Tests Really a Problem? *Arch Pediatr Adolesc Med*, 2001; 155:54-59.
 - Glascoe, FP. Early Detection of Developmental and Behavioral Problems. *Pediatrics in Review*, 2000; 21:272-280.
 - Glascoe, FP. Evidence-based approach to developmental and behavioural surveillance using parents' concerns. *Child Care Health Dev*, 2000; 26(2):137-49.
 - Glascoe, FP. Using parents' concerns to detect and address developmental and behavioral problems. *J Soc Pediatr Nurs*, 1999; 4(1):24-35.
 - Glascoe, FP. The value of parents' concerns to detect and address developmental and behavioural problems. *Journal of Paediatrics and Child Health*, 1999; 35 (1), 1-8.
 - Glascoe FP, Oberklaid F, Dworkin PH, and Trimm F. Brief Approaches to Educating Patients and Parents in Primary Care. *Pediatrics*, 1998; 101 (6):p. e10.
 - Marcias M, Glascoe FP. Implementing the AAP's new policy on developmental and behavioral screening. *Contemporary Pediatrics*, 2003; 4:85.

Aðrar greinar eru tilgreindar á vefsíðunni <http://www.pedstest.com>.

PEDS Handbókin

Öll handbókin fyrir PEDS, sem heitir *Collaborating With Parents: Using Parents' Evaluations of Developmental Status to Detect and Address Developmental and Behavioral Problems*, gefur ítarlega lýsingu á notkun prófsins í skólum og á heilsugæslu. Hún lýsir skilvirkum aðferðum fyrir menntun foreldra, ásamt upplýsingablöðum handa foreldrum og tilgreinir annað ítarefni.

Einnig er hægt að fá mörg annars stigs próf, mat og pöntunarupplýsingar fyrir önnur annars stigs próf, ráðgjöf um flutning slæmra tíðinda og hvar er að finna þjónustu fyrir börn og foreldra. Handbókin inniheldur fulla stöðlun og rannsóknir á öryggi, gildi og nákvæmni PEDS.

Hvernig vísa á í PEDS

Glascoe FP. *Parents Evaluation of Developmental Status*. Nashville, TN: Ellsworth & Vandermeer Press, LLC., 2006.

PEDS

 NÁMSMATSSTOFNUN

 LANDLÆKNISEMBÆTTID
Directorate of Health

 HEILSGÆSLAN
HEILSUGÆSLAN
HEILSUGÆSLAN



© 2009 Frances Page Glascoe. Íslensk þýðing og útgáfa á vegum Námsmatsstofnunar og Landlæknisembættisins, unnið í samstarfi við Miðstöð heilsuverndar barna. (www.namsmat.is, Borgartún 7A, 105 Reykjavík. Sími: 550-2400). Fjölföldun er með öllu óheimil.

ISBN:978-9979-9891-4-1